



## Kennslustjóri

Háskóla Vestfjarða leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum kennslustjóra í fullt starf.

Kennslustjóri hefur umsjón með öllu sem viðkemur þjónustu við nemendur og kennara við Háskóla Vestfjarða, þar með talið fjarnámi, frumgreinanámi, prófum, nemendaskráningu, kennsluumsjónarkerfi og samningum við kennara í samræmi við fjárhagsáætlun. Kennslustjóri heldur utan um umsóknir nemenda í meistaranámi og undirbýr umsóknir fyrir meistaranámsnefnd í samráði við ENIC-NARIC-skrifstofuna.

Kennslustjóri tekur þátt í stefnumörkun varðandi uppbyggingu þjónustu og kennslu við Háskóla Vestfjarða, hann mun vinna í litlu teymi og þarf að geta unnið sjálfstætt á sínu sviði.

### Starfssvið:

- Yfirumsjón með fjarnámi og prófum
- Umsjón með frumgreinanámi
- Efling fjarnáms
- Umsjón með umsóknarferli meistaranema
- Gæðamál náms
- Þjónusta við nemendur og kennara
- Samningar við stundakennara
- Umsjón með sumarnámskeiðum
- Námsráðgjöf og/eða tengiliður við námsráðgjafa

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Meistaragráða æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, innsæi og metnaður í starfi

Upplýsingar um starfið veitir Peter Weiss  
forstöðumaður í síma 450 3045

**Umsóknarfrestur er til og með 16.07.2011**  
**Umsóknir sendist á [weiss@uwestfjords.is](mailto:weiss@uwestfjords.is)**